



**FJÖLMENNINGARSETUR**  
MULTICULTURAL AND INFORMATION CENTRE

2021



## **Börn og ungmenni**

Upplýsingar fyrir þá sem eru nýkomnir með stöðu  
flóttamanna á Íslandi

## 1. Réttindi barna

Börn eru þeir einstaklingar sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Börn eru ólögráða og njóta forsjár foreldra sinna. Foreldrar eiga að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu. Þegar foreldrar taka mikilvægar ákvarðanir fyrir hönd barns eiga þeir að hlusta á skoðanir barnsins og taka tillit til þeirra í samræmi við aldur og þroska barnsins. Eftir því sem barn verður eldra eiga skoðanir þess að hafa meira vægi.

- Börn eiga rétt á því að umgangast báða foreldra sína, jafnvel þótt þeir búi ekki saman.
- Foreldrum ber að vernda börn sín gegn virðingarleysi og andlegu og líkamlegu ofbeldi. Foreldrar mega ekki beita börn sín ofbeldi.
- Foreldrar eiga að sjá börnum fyrir húsnæði, fötum, mat, skólavörum og öðrum nauðsynjum.

(Upplýsingar fengnar af vef Umboðsmanns barna <https://www.barn.is/born-og-unglingar/rettindi-barna-og-unglinga/>)

- Líkamlegar refsingar eru bannaðar. Hægt er að leita aðstoðar til félagsráðgjafa með viðurkenndar uppeldisaðferðir á Íslandi.
- Börn mega ekki gifta sig á Íslandi. Hjúskaparvottorð þar sem fram kemur að annar eða báðir aðilar voru undir 18 ára aldri þegar gengið var í hjónaband er ekki tekið gilt á Íslandi.
- Samkvæmt íslenskum lögum er umskurður stúlka bannaður, hvort sem hann er framkvæmdur á Íslandi eða erlendis. Viðurlögin geta verið allt að 16 ára fangelsisdómur. Tilraun til brots eða hlutdeild í því er einnig refsiverð. Lögin gilda um alla þá sem eru íslenskir ríkisborgarar eða eru búsettir á Íslandi þegar brotið er framið.

Lesið má nánar um réttindi barna á Íslandi hér:

- <https://www.barn.is/born-og-unglingar/rettindi-barna-og-unglinga/>
- <https://www.island.is/born>
- <https://reykjavik.is/rettindi-barna>

## 2. Leikskóli

- Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir 6 ára og yngri. Leikskólar vinna eftir aðalnámskrá leikskóla.
- Á Íslandi er ekki skólaskylda fyrir börn á leikskólaaldri en um 96% barna á aldrinum 3-5 ára sækja leikskóla.
- Starfsfólk í leikskólum er þjálfað í menntun, uppeldi og umönnun barna. Þar er fagfólk sem er menntað í að vinna með börnum. Börnin eru því í öruggum höndum og mikið lagt upp úr því að þeim líði vel og að þau fái að njóta sín sem best miðað við þroska og þarfir hvers og eins.
- Í leikskóla fer nám fram í leik og skapandi starfi og þar er lagður grunnur að menntun barna sem önnur skólastig byggja á. Þau börn sem fara í leikskóla eru betur undirbúin fyrir grunnskólanám og á það sérstaklega við um börn sem eru ekki með íslensku sem móðurmál.

- Í leikskólanum er lagður grunnur að íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku og um leið eru foreldrar hvattir til að styðja við móðurmál barna sinna með margvíslegum hætti.
- Leikskólar reyna eftir bestu getu að tryggja túlkun á upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna samskipta og foreldra.
- Foreldrar þurfa að innrita börn sín í leikskóla í gegnum rafræn kerfi sveitarfélaga. Til þess þurfa foreldrar að hafa rafræn skilríki.
- Leikskóli er niðurgreiddur að miklu leyti af sveitarfélögunum en er þó ekki ókeypis. Mánaðarlegt gjald fer eftir gjaldskrá hvers sveitarfélags. Afsláttur er veittur fyrir foreldra sem eru einstæðir, í námi eða með fleira en eitt barn í leikskóla.
- Börn í leikskóla fara út að leika flesta daga og er því mikilvægt að þau séu klædd eftir veðri. <http://morsmal.no/no/foreldre-norsk/2382-kle-barna-riktig-i-vinterkulda>
- Foreldrar taka þátt í aðlögun barns í leikskóla fyrstu dagana og fá þá allar helstu upplýsingar.
- Upplýsingar um leikskóla má finna á nokkrum tungumálum á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/baeklingar-fyrir-foreldra-brochures-parents>

### 3. Grunnskóli

- Á Íslandi er skólaskylda fyrir öll börn á aldrinum 6-16 ára.
- Allir skólar starfa eftir aðalnámsskrá grunnskóla og lögum um grunnskóla sem sett eru af Alþingi. Öll börn hafa jafnan rétt til grunnskólagöngu samkvæmt lögum og er áhersla lögð á vellíðan nemenda og framfarir í námi.
- Í öllum grunnskólum er unnið eftir sérstakri móttökuáætlun vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru máli. Foreldrar eru einnig hvattir til að styðja við móðurmál barna sinna með margvíslegum hætti.
- Grunnskólar reyna eftir bestu getu að tryggja túlkun á upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna samskipta kennara og foreldra.
- Foreldrar þurfa að innrita börn sín í grunnskóla og frístundastarf í gegnum rafræn kerfi sveitarfélaga. Til þess þurfa foreldrar að hafa rafræn skilríki.
- Grunnskólar á Íslandi eru gjaldfrjálssir.
- Flest börn fara í grunnskóla í sínu hverfi og börn fylgja sínum aldri í bekkjum óháð getu.
- Það er skylda foreldra að láta skólann vita um veikindi barna eða fjarvistir. Sækja þarf skriflega um leyfi fyrir nemendur til skólastjórna.
- <https://mml.reykjavik.is/bruarsmidi/?fbclid=IwAR2X6xDMzRxvVQO1ofFtbToMqfQDmrxGIW61cVICDlwMotfHwD8vW4-SITQ>

#### 4. Grunnskóli, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar

- Íþróttir og sund eru skyldufög í íslenskum grunnskólum og oftast eru strákar og stelpur saman í þessum tímum.
- Nemendur í íslenskum grunnskólum fara út í frímínútur tvisvar til þrisvar á dag og er því mikilvægt að nemendur séu klæddir eftir veðri.
- Áhersla er lögð á að nemendur hafi með sér hollt og gott nesti, sætindi eru ekki leyfð í grunnskólum. Taka skal með vatn til að drekka en ekki ávaxtasafa. Í flestum skólum geta foreldrar keypt heitan mat í hádeginu fyrir börn sín gegn vægu gjaldi.
- Í mörgum sveitarfélögum geta nemendur fengið aðstoð við heimanám í skólanum eða á bókasafni í hverfinu.
- Í flestum skólum eru frístundaheimili þar sem boðið er upp á skipulagt tómstundastarf fyrir 6-9 ára börn eftir að skóladegi líkur gegn vægu gjaldi. Á frístundaheimilum fá börn tækifæri til að æfa sig í samskiptum, eignast vini og læra íslensku í gegnum leik.
- Í flestum hverfum, í eða nálægt skólum, eru félagsmiðstöðvar þar sem 10-16 ára börnum er boðið upp á uppbyggilegt félagsstarf. Lögð er áhersla á að virkja börn og unglinga til virkrar (SL) þátttöku og framkvæmda í starfinu. Sumar félagsmiðstöðvar er opnar seinni part dags og fram á kvöld, aðrar í frímínútum og/eða hádegishléi á skólatíma.

#### 5. Íslensk skólamenning

- Í grunnskólum er skólaráð, nemendafélag og foreldrafélag sem gæta að hagsmunum nemenda.
- Yfir skólaárið eru ýmsir viðburðir, skemmtanir og ferðalög skipulögð af skólanum, nemendafélagi, bekkjarfulltrúum eða foreldrafélagi. Slíkir viðburðir eru auglýstir sérstaklega.
- Í grunnskólum er lögð áhersla á gott samstarf heimila og skóla. Foreldarsamtöl eru tvisvar á ári þar sem rætt er um nám og velferð nemenda. Foreldrar eru hvattir til að vera í sambandi við skólann þess á milli.
- Mikilvægt er fyrir foreldra að mæta á bekkjaskemmtanir til að veita barninu athygli og stuðning, fylgjast með barninu í skólaumhverfinu, kynnast því sem fram fer í skólanum og kynnast samnemendum barnsins og foreldrum þeirra.
- Algengt er að foreldrar barna sem leika saman eigi í miklum samskiptum sín á milli.
- Afmælisboð er mikilvægur félagslegur viðburður fyrir börn á Íslandi. Oft sameinast bekkjarsystkini sem eiga afmæli á svipuðum tíma um að halda upp á afmæli sín til að geta boðið stærri hópi. Leitast er við að bjóða annað hvort bara stelpunum, strákunum eða öllum bekkjarfélögum og passað að enginn sé skilinn útundan. Foreldrar gera oft með sér samkomulag um hversu mikið gjafir skulu kosta.
- Almennt eru nemendur í grunnskólum ekki í skólabúningi.

#### 6. Íþróttir, listir og tómstundir

Þáttaka barna í frístundastarfi er talin mikilvæg á Íslandi. Þegar talað er um frístundastarf er átt við námskeið í íþróttum, listum og tómstundum sem eru stundaðar utan hefðbundins skólatíma. Frístundastarf hefur mikið forvarnargildi og eru foreldrar hvattir til að styðja börn sín til félagslegrar virkni og þátttöku í skipulögðu frístundastarfi. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér þær frístundir sem eru í boði í hverfinu. Að finna frístund við hæfi getur verið lykillinn að því að eignast vini og tækifæri til að æfa sig í íslensku. Til að hvetja til þess að börn taki þátt í skipulögðu frístundastarfi veita flest sveitarfélög hverju barni frístundastyrk.

- Meginmarkmið með frístundastyrkjum er að öll börn og unglingar (6-17 ára) geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Styrkurinn er mishár eftir sveitarfélögum en er um 35. – 50.000 kr. á barn á ári.
- Styrkurinn er rafrænn og greiðist beint inn á viðkomandi íþrótt- eða tómstundafélag.
- Í flestum sveitarfélögum þurfa foreldrar að skrá sig inn í rafrænt kerfi s.s. Rafræna Reykjavík, Mitt Reykjanes eða Míнар síður í Hafnarfirði til að geta skráð börnin í skóla, leikskóla, frístund o.fl. Rafræn skilríki eru nauðsynlegt til að geta skráð sig í rafræn kerfi.

## 7. Framhaldsskólar

- Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífínu og frekara nám. [Framhaldsskólar á landinu](#)
- Nám í framhaldsskóla er ekki skylda en samkvæmt lögum er fræðsluskylda til 18 ára aldurs. Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, grunnskólaprófi, hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða eru orðnir 16 ára geta hafið nám í framhaldsskóla. [Innritun í framhaldsskóla](#)
- Sjá nánar á Ísland.is: <https://www.island.is/framhaldsskolar>

## 8. Útivistareglurnar

Á Íslandi eru lög um útivist barna frá aldrinum 0-16 ára. Þar kemur fram hversu lengi börnin mega vera úti á kvöldin án þess að vera í fylgd fullorðinna. Markmiðið með útivistarreglunum er að stuðla að heilbrigðu umhverfi fyrir börn og unglinga.

## Útivistareglurnar\*

\*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20

13-16 ára börn mega lengst verar úti til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 22

13-16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 24

Saman

[www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is)

Foreldrar verum samtaka!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



**SAMAN**

[www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is)

### FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

## 9. Félagsþjónusta sveitarfélaga og aðstoð vegna barna

- Hjá skólaþjónustu sveitarfélaga starfa kennsluráðgjafar, sálfræðingar og talmeinafræðingar sem veita margvíslega ráðgjöf og þjónustu til foreldra og starfsfólks í leik- og grunnskólum.
- Hjá félagsþjónustu sveitarfélaga starfa félagsráðgjafar sem veita m.a. ráðgjöf vegna fjárhagsvanda, vímuefnamála, uppeldis barna, veikinda, umgengis- og skilnaðarmála o.fl.
- Hægt er að sækja um sértaka fjárhagslega aðstoð vegna barna hjá félagsþjónustunni við að greiða niður leikskólagjöld, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl eða íþrótt- og tómstundastarf. Aðstoðin er mishá eftir sveitarfélögum.
- Hafa þarf í huga að allar umsóknir eru metnar eftir aðstæðum og þurfa að falla að reglum hvers sveitarfélags svo styrkirnir séu veittir.

## 10. Barnabætur

- Barnabætur eru greiðslur sem Ríkisskattstjóri greiðir foreldrum eða því foreldri sem barnið hefur lögheimili hjá.
- Barnabætur eru tekjutengdar. Fólk með lægri tekjur fær hærri barnabætur og öfugt.

- Barnabætur eru greiddar 1. febrúar, 1. maí, 1. júní og 1. október.
- Þegar barn fæðist eða flytur lögheimili sitt til Íslands getur liðið allt að einu ári þar til foreldrar byrja að fá greiddar barnabætur og allt að tvö ár þar til foreldrar fá greiddar fullar barnabætur.
- Flóttafólk getur sótt um uppbót til félagsþjónustunnar til að fá mismuninn greiddan. Hafa þarf í huga að allar umsóknir eru metnar eftir aðstæðum og þurfa að falla að reglum hvers sveitarfélags svo styrkir séu veittir

## 11. Tryggingastofnun og greiðslur vegna barna

**Meðlag** eru mánaðarlegar greiðslur sem koma frá því foreldri sem barnið hefur ekki lögheimili hjá. Meðlagið tilheyrir barninu og á að nota í þágu þess. Hægt er að óska eftir að Tryggingastofnun Ríkisins (TR) hafi milligöngu um að greiða meðlagið.

- Skila þarf inn fæðingarvottorði.

**Barnalífeyrir** er mánaðarleg greiðsla sem TR greiðir ef annað hvort foreldra er látið eða er elli-, örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþegi.

- Sýna þarf fram á afdrif foreldris með vottorði eða í skýrslu frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eða Útlendingastofnun.

**Mæðra- og feðralaun** eru mánaðarlegar greiðslur sem TR greiðir einstæðum foreldrum sem eiga tvö eða fleiri börn sem eru með lögheimili hjá þeim.

Tryggingastofnun <https://www.tr.is/>

- Sótt um á *mínum síðum* hjá Tryggingastofnun. <https://innskraning.island.is/?id=minarsidur.tr.is>
- Hægt er að nálgast eyðublöð á: <https://www.tr.is/tryggingastofnun/umsoknir>
- Upplýsingar um þjónustu Tryggingarstofnunar á ensku á: <https://www.tr.is/en>

## 12. Góðar upplýsingar

- **Umboðsmaður barna** vinnur að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Allir mega leita til umboðsmanns barna og fyrirspurnir frá börnum njóta ávallt forgangs.

Sími: 522-8999

Barnasíminn – kostar ekkert: 800-5999

Netfang: [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is)

- **Við og börnin okkar** – Hagnýtar upplýsingar fyrir fjölskyldur á Íslandi á ensku og íslensku